Tréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

2. tbl. 28. árgangur • Júní 2017

Forsíðumynd

Framsýn hefur átt mjög gott samstarf við yfirmenn og starfsmenn Fosshótel Húsavík í vetur um opna fundi um mikilvæg málefni. Sem dæmi má nefna, þá komu um 130 manns á fund Framsýnar um málefni eftirlaunafólks sem haldinn var í mars. Það er því við hæfi að hafa mynd af brosandi starfsmanni hótelsins við störf á málþinginu.

Nýliðun og félagssvæði til umræðu

Aðalfundur Þingiðnar var haldinn 6. júní í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík. Starfsemi félagsins var öflug á síðasta starfsári, félagsmönnum fjölgaði og tekjur félagsins jukust verulega. Á almennum umræðum urðu miklar umræður um félagssvæði stéttarfélaga, starfsmenntun, nýliðun í greininni og vinnustaðaeftirlit. Þá voru tvær tillögur um réttarstöðu eldri félagsmanna, öryrkja og iðnaðarmanna sem fara milli félaga innan Samiðnar/ASÍ teknar fyrir og samþykktar. Hvað þessi atriði varðar þá kom fram hörð gagnrýni á Félag Málmiðnarmanna á Akureyri sem gerði félagssvæði Þingiðnar að sínu félagssvæði. Á fundinum kom fram tillaga um að breyta lögum félagsins þannig að félagssvæðið verði landið allt. Eftir umræður var samþykkt að bíða með það í ljósi þess að viðræður eru í gangi milli Þingiðnar og Félags Málmiðnarmanna um félagssvæðið. Einnig var samþykkt að stefna að því að stofna starfsmenntasjóð innan félagsins til að auðvelda félagsmönnum að sækja námskeið sem tengjast þeirra daglegum störfum sem iðnaðarmenn. Þá höfðu fundarmenn áhyggjur af lítilli nýliðun meðal iðnaðarmanna og töldu jafnframt mikilvægt að auka enn frekar vinnustaðaeftirlit. Frekari upplýsingar um aðalfund Þingiðnar er hægt að nálgast inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is

Aðalfundur Þingiðnar fór vel fram enda rekstur félagsins góður og starfsemin til fyrirmyndar.

Huld og Valdi í stjórn Lsj. Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn í Skjólbrekku í Mývatnssveit, miðvikudaginn 3. maí sl. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. Ný stjórn var kjörin á fundinum. Hana skipa: Frá launamönnum: Huld Aðalbjarnardóttir (formaður), Sverrir Mar Albertsson, Tryggvi Jóhannsson og Þórarinn Sverrisson. Varamenn: Erla Björg Guðmundsdóttir, Heimir Kristinsson og Sigríður Dóra Sverrisdóttir. Frá launagreiðendum: Erla Jónsdóttir (varaformaður), Ágúst Torfi Hauksson, Kristín Halldórsdóttir og Valdimar Halldórsson. Varamenn: Auður Anna Ingólfsdóttir, Guðrún Ingólfsdóttir. Eins og sjá má hér að ofan tók Huld Aðalbjarnardóttir starfsmaður Skrifstofu stéttarfélaganna við stjórnarformennsku í sjóðnum auk þess sem Valdimar Halldórsson kom nýr inn frá Samtökum atvinnulífsins.

Valdimar Halldórsson forstöðumaður Hvalasafnsins á Húsavík er kominn í stjórn Lsj. Stapa. Hér er hann á tali við Ágúst Óskarsson sem starfar á Skrifstofu stéttarfélaganna á aðalfundi Framsýnar.

Rekstur STH í jafnvægi

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn 8. júní í fundarsal stéttarfélaganna. Dagskrá fundarins var með hefðbundnum hætti, formaður flutti skýrslu sína og ársreikningur fyrir árið 2016 var afgreiddur. Þar kemur m.a. fram að rekstur félagsins gekk með ágætum á árinu 2016, félagsgjöld hækkuðu lítillega en útgjöld drógust verulega saman. Núverandi stjórn hefur yfirfarið kostnaðarþætti félagsins og dregið úr kostnaði þar sem það er mögulegt. Einnig hjálpar til að tilkostnaður vegna samningamála var í lágmarki á árinu 2016. Jákvæð afkoma var af öllum sjóðum félagsins.

Á fundinum var nokkur umræða um tilhögun útleigu orlofsíbúar félagsins og umhirðu um hana. Stjórn var falið að fara yfir alla þætti sem varðar rekstur íbúðarinnar í samvinnu við starfsmenn félagsins. Kosið var í stjórn og nefndir félagsins. Eftirtaldir skipa þessar trúnaðarstöður:

Formaður Helga Þuríður Árnadóttir ritari, Jóhanna Björnsdóttir, gjaldkeri Helga Eyrún Sveinsdóttir. Varamenn í stjórn eru Berglind Erlingsdóttir og Guðrún Ósk Brynjarsdóttir. Endurskoðendur félagsreikninga, Tryggvi Jóhannsson, Guðmundur B. Guðjónsson og til vara Anna Ragnarsdóttir. Orlofsnefnd Karl Halldórsson, Sveinn Hreinsson og Arna Þórarinsdóttir. Ferðanefnd Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, Fanney Hreinsdóttir og Díana Jónsdóttir. Fulltrúar í stjórn Starfsmenntunarsjóðs STH eru Helga Þuríður Árnadóttir formaður og Guðrún Ósk Brynjarsdóttir.

Anna María Þórðardóttir og Guðrún Guðbjartsdóttir létu af trúnaðarstöðum fyrir félagið, þeim eru færðar þakkir fyrir gott framlag til félagsins.

Þessi mynd endurspeglar gott samstarf stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Formaður Starfsmannafélags Húsavíkur, Helga Þuríður Árnadóttir, er hér ásamt þeim Jónasi og Aðalsteini formönnum Þingiðnar og Framsýnar.

Fróðleiksfúsir unglingar

Í byrjun apríl heimsótti Aðalsteinn J. Halldórsson, starfsmaður stéttarfélaganna Stórutjarnaskóla. Hann flutti erindi fyrir 9. og 10. bekk um tilgang stéttarfélaga og starfsemi þeirra. Að því loknu svaraði hann spurningum viðstaddra. Að lokum fengu krakkarnir gefins húfur með merki Þingiðnar. Erindi sem þetta eru mikilvæg fyrir þennan aldurshóp sem er að hefja sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Sum þeirra höfðu reyndar þegar fengið smjörþefinn af vinnumarkaðnum enda mikil þörf á vinnuafli um þessar mundir og ungir krakkar oft byrjuð að vinna launaða vinnu fyrr en verið hefur.

Nemendur Stórutjarnaskóla voru áhugasamir um málefni vinnumarkaðarins þegar fulltrúi frá stéttarfélögunum leit við í skólanum og tók spjall við nemendur.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 18. júní 2017 og gefið út í 2000 eintökum. **HÖNNUN/UMBROT og PRENTUN:** Ásprent, Akureyri.

Örfá sætti laus í sumarferðina í Borgarfjörð

Sumarferð stéttarfélaganna verður að þessu sinni helgarferð í Borgarfjörð eystri. Farið verður frá Húsavík snemma morguns þann 19. ágúst og komið til baka seinnipart sunnudagsins 20. ágúst. Við munum gista í uppbúnum rúmum hóteli og þar er morgunmatur innifalinn. Grillað verður í boði Framsýnar á laugardagskvöldið, en að öðru leiti nestar fólk sig sjálft.

Það er margt að skoða á þessum fallega stað og við munum njóta leiðsagnar staðkunnugra um svæðið. Fararstjóri verður Ósk Helgadóttir. Ferðakostnaður pr. mann í sumarferðina er aðeins 20.000-. Ferðin var auglýst í síðasta Fréttabréfi og er hópur fólks skráður í ferðina. Vegna forfalla eru nokkur sæti laus. Vinsamlegast hafið samband ef þið viljið komast í ferðina. Höfum í huga, fyrstir koma, fyrstir fá.

Stór afmæli framundan

Þann 28. apríl 2018 verða 100 ár liðin frá stofnun Verkakvennafélagsins Vonar. Þá verða 10 ár liðin 1. maí 2018 síðan Framsýn var stofnað upp úr nokkrum stéttarfélögum í Þingeyjarsýslum. Til stendur að halda upp á tímamótin með viðeigandi hætti næsta vor. Skipuð hefur verið afmælisnefnd sem ætlað er að vinna að framgangi málsins. Í henni eru, Ósk Helgadóttir formaður, Dómhildur Antonsdóttir og Sigurveig Arnardóttir. Hafi félagsmenn skemmtilegar hugmyndir um hvernig sé best að minnast þessara tímamóta er þeim bent á að hafa samband við afmælisnefndina sem skipuð var á síðasta aðalfundi Framsýnar.

Afmælisnefndin hefur þegar hafið störf.

Hér má sjá starfsmenn alþjóðlega verktakans Beck & Pollitzer að störfum á Bakka. Verktakinn sér um að setja upp hina eiginlegu verksmiðju inn í húsnæðið sem hefur verið í byggingu síðustu misserin. Fyrirtækið er með rúmlega 80 starfsmenn við vinnu um þessar mundir sem allir eru meðlimir Framsýnar.

Formaður Framsýnar ásamt Þorbirni Guðrúnarsyni, öryggisstjóra hjá M+W á Bakka. Á Bakka er mikill metnaður fyrir öryggismálum og Þorbjörn einn þeirra sem sinnir þeim störfum.

Það gengur mikið á við verklegar framkvæmdir á Þeistareykjum. Hér er suðumaður við störf í stöðvarhúsi Landsvirkjunar enda allt á fullu þessa dagana.

Bæjarbúar fjölmenntu í sumarkaffið

Framsýn stóð fyrir kaffiboði á Raufarhöfn í aðdraganda Sjómannadagsins sem tókst í alla staði mjög vel. Heimamenn fjölmenntu í kaffið auk gesta sem voru á svæðinu sem komnir voru norður til að taka þátt í Sjómannadeginum á Raufarhöfn. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson og Huld Aðalbjarnardóttir fjármálastjóri stéttarfélaganna ásamt góðu aðstoðarfólki á Kaffi Ljósvangi á Raufarhöfn voru í þjónustustörfum og sáu til þess að enginn færi svangur heim. Þá gafst gestunum tækifæri á að ræða við fulltrúa Framsýnar á staðnum. Kvenfélagið á Raufarhöfn bakaði terturnar sem voru rosalega girnilegar og bragðgóðar. Framsýn þakkar fyrir sig með meðfylgjandi myndum.

Tveir heiðursmenn heiðraðir

Að venju voru sjómenn heiðraðir á Húsavík á Sjómannadaginn. Heiðrunin fór fram í sjómannadagskaffi Slysavarnardeildar kvenna á veitingastaðnum Fjörunni. Í ár voru heiðraðir Viðar Sigurðsson og Ingvar Hólmgeirsson sem lengi stundaði sjómennsku auk útgerðar. Ingvar var einnig mjög virkur í félagsstarfi og sat meðal annars í stjórn LÍÚ í átta ár. Viðar Sigurðsson hefur komið víða við á sínum farsæla sjómannsferli sem stýrimaður og skipstjóri. Sjómannadeild Framsýnar sá um heiðrunina og gerði Aðalsteinn Árni Baldursson formaður félagsins grein fyrir lífshlaupi þeirra Ingvars og Viðars sem má lesa hér í framhaldinu:

Viðar Sigurðsson

Viðar Sigurðsson og Elín Björk Hartmannsdóttir.

Viðar Sigurðsson er fæddur 25. október 1947 á Neskaupsstað. Sonur hjónanna Önnu Sigurjónsdóttur og Sigurðar Guðnasonar frá Karlsskála í Reyðarfirði. Viðar er komin af mikilli sjómannsfjölskyldu enda stundaði faðir hans sjómennsku og útgerð um áratuga skeið frá Austurlandi. Fyrstu árin var hugur Viðars ekki beint við sjóinn heldur tók hann þátt í sveitastörfum á Héraði þegar hann losnaði úr skóla á Neskaupstað á vorin. Á unglingsárunum hélt hann til sjós með föður sínum á Dröfn NK 31, þá 13 ára gamall. Dröfn NK stundaði handfæraveiðar við Langanesið yfir sumarið. Frá áramótum það ár var báturinn gerður út á vetrarvertíð frá Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum. Áhöfnin hélt til í bátnum sem var 35 tonna eikarbátur í eigu útgerðar sem faðir Viðars stóð að. Auk þess að stunda sjósókn á þessum tíma greip Viðar í síldarsöltun í landi á Neskaupstað þrátt fyrir að vera mjög ungur að árum.

Upp úr því eða árið 1963 réð Viðar sig á vetrarvertíð á Gullfaxa NK sem var 150 tonna eikarbátur gerður út á línuveiðar, net og þorskanót út af Jökli. Í brúnni stóð Guðmundur Þorleifsson skipstjóri. Á þessum tíma hélt Viðar sig við Austurlandið en átti síðar eftir að ráða sig á fiskiskip fyrir vestan, sunnan og norðan. Eftir veruna á Gullfaxa NK réð Viðar sig til starfa hjá Síldarvinnslunni á Neskaupstað árið 1964. Þar var hann á Bjarti NK, 250 tonna stálbáti og Birtingi NK sem var um 300 tonna stálbátur. Þessi fiskiskip voru gerð út á síld og loðnu á þessum tíma bæði við Íslandsstrendur og eins við Hjaltlandseyjar. Árið 1966 fór Viðar í Stýrimannaskólann í Reykjavík og útskrifast frá skólanum tveimur árum síðar. Eftir stutta veru á Birtingi NK eftir útskriftina lagðist Viðar í víking og réð sig á fiskiskip sem voru gerð út frá Vestfjörðum. Það er Sóley ÍS og síðar Víking III ÍS en þessir stálbátar voru um 230 til 300 tonn. Viðar stoppaði ekki lengi fyrir vestan á Ísafirði heldur færði sig á vesturlandið, það er á Akraness þar sem hann bjó í 12 ár. Á þeim tíma var hann á bátum sem gerðir voru út frá Akranesi og Reykjavík. Lengst af var hann á togaranum Ögra RE sem var í eigu Ögurvíkur í Reykjavík. Eftir farsælan ferill á Ögra RE fór Viðar um tíma með frænda sínum og þeim mikla skipstjóra Magna Kristjánssyni á Hólmadrang ST sem var gerður út frá Hólmavík. Viðar stoppaði stutt við þar, hann sá nýja heimahöfn við sjóndeildarhringinn, Húsavík á Skjálfanda. Þangað hélt hann árið 1983 og réð sig á togarann Júlíus Havsteen ÞH 1 sem hann var á til ársins 1997 þegar síðari Júlíus Havsteen ÞH 1 var seldur. Báðir togararnir, sem báru sama nafnið, voru gerðir út á fiski- og rækjutroll. Viðar var stýrimaður um borð og leysti Jóhann Gunnarsson skipstjóra af þegar á þurfti að halda. Jói og Viðar náðu einstaklega vel saman og fiskuðu vel þau 13 ár sem þeir voru saman til sjós á togurum frá Húsavík. Eftir farsælan ferill á Júlíusi Havsteen ÞH tóku við ár þar sem Viðar tók að sér afleysingar um borð í fiskiskipum enda eftirsóttur skipstjórnarmaður. Nefna má skip eins og Hólmaborgina SU, Hólmatind SU, Bjart NK, Sólbak EA og Kaldbak EA. Um borð í Sólbak og Kaldbak hitti hann fyrir Jóhann Gunnarsson skipstjóra sem Viðar hafði áður verið með um borð í Júlíusi Havsteen ÞH.

Upp úr 2010 urðu tímamót hjá Viðari þegar hann hætti um borð í Kaldbak EA og ákvað að snúa sér að öðrum verkefnum. Hann fór og verslaði sér svokallaðan hraðfiskibát sem hann skýrði í höfuðið á konunni sinni. Báturinn fékk nafnið Elín ÞH 7. Frá árinu 2012 hefur Viðar stundað strandveiðar frá Húsavík auk þess að starfa um tíma á bátum Norðursiglingar og Gentle Giants við hvalaskoðun. Viðar er því ekki alveg hættur sjómennsku. Þegar gefur siglir hann út úr Húsavíkurhöfn líkt og félagi hans til fjölda ára, Jóhann Gunnarsson, sem stundar strandveiðar líkt og Viðar Sigurðsson. Þeir eiga það báðir sameiginlegt að vera miklir fiskimenn og hugur þeirra beggja leitar á fengsæl mið á Skjálfanda og með austur ströndinni.

Viðar hefur á sínum langa sjómannsferli gengt flestum störfum um borð í fiskiskipum, þó lengst af sem stýrimaður auk skipstjórnar. Viðar hefur einnig verið farsæl sjómaður og komist í gegnum marga brimskaflana óskaddaður sem og þær áhafnir sem hann hefur borið ábyrgð á til sjós í gegnum áratugina. Fyrir það ber að þakka. Viðar er giftur Elínu Björk Hartmannsdóttur og eiga þau tvo syni. Fyrir áttu þau fjóra syni úr fyrri samböndum. Viðar þrjá syni og Elín einn son. Þau búa fallegu heimili í Brúnagerði á Húsavík með góðu útsýni yfir Húsavík, Húsavíkurhöfn og Skjálfanda. Viðar hefur komið fyrir öflugum sjónauka í stofunni heima þar sem hann getur fylgist með umferðinni um höfnina enda áhugamál hans að fylgjast með ferðum báta og aflabrögðum. Viðar er sannur sjómaður og maður góður. Viðar Sigurðsson hafðu líkt og Ingvar kærar þakkir fyrir framlag þitt til samfélagsins í gegnum tíðina. Ég vil biðja Viðar að koma hér upp ásamt eiginkonu og veita viðtöku sérstakri orðu þér til heiðurs. Gjörið svo vel, Viðar og Elín.

Liggur þú á lyklum?

Við viljum biðja þá sem hafa verið í íbúðum stéttarfélaganna og eiga eftir að skila lyklum að koma þeim á Skrifstofu stéttarfélaganna sem allra fyrst. Mikið rennerí hefur verið í íbúðirnar undanfarið og mörg lyklasettanna úti sem stendur og útlit fyrir mögulegan skort ef ástandið skánar ekki fljótlega.

STARFSMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR

FRAMSÝN

Veiðikortið í boði

Félagsmönnum býðst að fá Veiðikortið 2017 á sérstöku vildarverði, eða 3.500 krónur. Kortin eru til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á veidikortid.is.

FRAMSÝN

Ingvar Hólmgeirsson

Ingvar Hólmgeirsson.

Ingvar Hólmgeirsson er fæddur 15. júní 1936 að Látrum í Eyjafirði, það er í foreldrahúsum. Á þeim tíma stunduðu menn sjálfsþurftarbúskap, lifðu á því sem landið og sjórinn gáfu á hverjum tíma.

Þegar Ingvar var á þriðja ári fluttu foreldrar hans, Hólmgeir Árnason og Sigríður Sigurbjörnsdóttir til Flateyjar á Skjálfanda. Það verður ekki annað sagt um Ingvar en að hann hafi fæðst inn í sjómannsfjölskyldu enda faðir hans útgerðarmaður og sjómaður góður til fjölda ára. Enda fór svo að Ingvar fór sem liðléttingur aðeins 8 ára gamall með föður sínum til veiða frá Flatey á fjögurra tonna eikarbát sem bar nafnið Sævar TH 215. Báturinn var í eigu föður hans. Þetta var á stríðsárunum, en þá fiskuðu menn í Færeyskar skútur sem fluttu aflann á Bretlandsmarkað. Fjórir menn voru í áhöfn Sævars, liðléttingurinn Ingvar og þrír fullorðnir menn.

Ingvari var falinn mikil ábyrgð, hann stýrði bátnum meðan þeir fullorðnu gerðu að aflanum áður en hann var ferjaður yfir í Færeysku skúturnar. Þar sem Ingvar var eðlilega ekki hár í loftinu, þá 8 ára gamall, var línubala komið undir fætur hans svo hann sæi út um gluggana á stýrishúsinu og gæti fylgst með stöðu mála. Þannig var það á þeim tíma, það þurftu allir, bæði börn og fullorðnir að vinna eins og þeirra geta leyfði til að sjá fjölskyldunni farborða. Nokkru síðar eða þegar Ingvar var 11 ára gamall, var hann munstraður sem fullgildur sjómaður á Sævar TH. Gert var út frá Flatey á línu og handfæri og fiskaðist yfirleitt vel. Ingvar þurfti einnig að sinna skyldunámi enda þá enn barn að aldri. Fyrstu árin var hann í Barnaskólanum í Flatey en fór síðar í Alþýðuskólann að Reykjum í Hrútafirði og Héraðsskólann að Laugum í Reykjadal þaðan sem hann útskrifaðist með Landspróf. Áður en hann fór síðar í Stýrimannaskólann í Reykjavík, þá 20 ára gamall, fór hann á vertíðir á Stefáni Þór TH frá Húsavík með Maríusi Héðinssyni skipstjóra. Stefán Þór var gerður út á línu og síld á sumrin.

Ingvar útskrifaðist frá Stýrimannaskólanum árið 1957. Það eru margar góðar sögur til af Júlíusi Hafsteen sýslumanni á Húsavík enda Júlíus með merkilegri embættismönnum sem uppi hafa verið á Íslandi. Ingvar minnist þess að hann vantaði 6 mánuði upp í þá 24 mánuði sem til þurfti að komast inn í Stýrimannaskólann, en á þeim tíma þurfti að vera skráður á stærri báta en 12 tonn til að fá siglingatímann skráðan. Ingvar gekk því á fund sýslumanns og spurði hvort hann gæti skrifað upp á þá 6 mánuði sem vantaði upp á. Sýslumaður leit snöggt á hann og svaraði um hæl, „Eigum við ekki að hafa þá 10 til öryggis gourinn!“ Ingvari voru því allir vegir færir og náði að útskrifast með stæl 1957 sem var mikið gæfuspor enda hefur hann verið einstaklega farsæll skipstjóri í gegnum tíðina.

Ingvar er sjómaður í húð og hár eins og segir í kvæðinu. Á heimili hans var fylgst með veðurfréttum og aflabrögðum eins og spennandi framhaldsþáttum. Lífið snérist um sjósókn. Eftir námið voru allir vegir færir fyrir metnaðarfullan skipstjórnarmann. Hann réð sig sem stýrimann með Maríusi Héðinssyni á Helgu TH 7 frá Húsavík og var þar í tvö ár á línu og síld á sumrin. Upp úr því fer hann á Svan ÞH 100 sem var 9 tonna eikarbátur í eigu föður hans. Ingvar tók við bátnum og var með hann í tvö ár og stundaði línu og handfæri. Þaðan fór Ingvar á Helga Flóvents ÞH 77 sem var gerður út á net og síldveiðar með Hreiðari Bjarnasyni skipstjóra. Ingvar hafði alltaf dreymt um að eignast sinn eigin bát. Að sjálfsögðu lét hann verða að því með kaupum á bát frá Hrísey um áramótin 64/65. Bátinn sem fékk nafnið Svanur ÞH 100 og var um 18 tonn, keypti hann ásamt nokkrum félögum sínum frá Húsavík.

Útgerðarfyrirtækið fékk nafnið Vísir. Ingvar og einn af meðeigendum hans Hörður Þórhallsson stóðu í brúnni til skiptis. Síðar átti Ingvar eftir að taka endanlega við bátnum þegar útgerðarfyrirtækið hóf fiskvinnslu í landi með útgerðinni. Hörður stjórnaði í landi og Ingvar sá um að fiska fyrir vinnsluna með úrvals áhöfn á hverjum tíma. Vegna aukinna umsvifa var Svanurinn endurnýjaður og stærri bátur keyptur um 1970 sem var um 36 tonna eikarbátur. Áfram var gert út frá Húsavík á línu og net, það er fyrir utan eina vertíð þegar hafís lokaði flestum höfnum á Norðurlandi. Þá var ekkert annað að gera en að stunda sjósókn frá Suðurnesjunum. Ingvar og félagar voru stórhuga og fjárfestu í öflugum 200 tonna stálbát árið 1977 sem fékk nafnið Sigþór ÞH 100. Fiskiskip sem þeir gátu gert út á línu, net, nót, fiski- og rækjutroll. Enda átti Sigþór eftir að reynast útgerðinni vel. Útgerðarfyrirtækið Vísir gerði Sigþór lengst af út frá Húsavík en árið 1992 flutti útgerðin sig um set og gerði út frá Sandgerði, það er áður en útgerðin var seld árið 2002. Þar með lauk sjómennsku og útgerð Ingvars Hólmgeirssonar frá Flatey. Ef frá er talin Björg skemmtibátur sem hann keypti strax árið eftir að hann seldi útgerðina og notar til að komast út í Flatey á Skjálfanda og á sjóstöng ásamt fjölskyldu og vinum. Sá bátur liggur í Húsavíkurhöfn. Ingvar giftist ungur. Eiginkona hans var Björg Gunnarsdóttir sem nú er látin, blessuð sé minning hennar. Ingvar og Björg eignuðust tvær dætur, Jóhönnu og Sigríði. Sambýliskona Ingvars í dag er Særún Sigurgeirsdóttir. Ingvar hefur í gegnum tíðina verið virkur í félagsmálum ýmiskonar og má þar nefna 15 ára stjórnarsetu hans fyrir útgerðarmenn á Húsavík í stjórn Fiskiðjusamlags Húsavíkur, einnig var hann stjórnarformaður í Vélsmiðjunni Foss um nokkurra ára skeið og tvö ár í slippnum á Húsavík. Hann sat í stjórn LÍÚ í 8 ár og í stjórn Síldarútvegsnefndar í 6 ár.

Það er ekki hægt að skilja við lífshlaup Ingvars Hólmgeirssonar án þess að minnast á björgunarafrekið við Flatey á Skjálfanda þegar Hvassafellið strandaði að morgni 7. mars 1975. Þennan dag var ofsaveður, norðaustan stormur, líklega um 9 vindstig, haugasjór og blindhríð. Vilhjálmur Pálsson þáverandi formaður björgunarsveitarinnar Garðars á Húsavík leitaði til Ingvars kl. 7 að morgni og bað hann að ferja björgunarsveitarmenn út í Flatey. Ingvar varð við kallinu enda vitað að 19 manns væru um borð í Hvassafellinu þar af þrjár eiginkonur skipsmanna. Ein af þeim var barnshafandi, komin sex mánuði á leið. Ingvar fór með björgunarsveitarmenn frá Húsavík út í Flatey á Svani ÞH 100. Annar bátur lagði einnig úr höfn til björgunaraðgerða enda taldi Ingvar vera mikið öryggi fólgið í því að tveir bátar færu í björgunarleiðangurinn. Það var Jón Sör ÞH og þar stóð í brúnni reyndur skipstjóri, Pétur Olgeirsson. Ljóst er að Björgunarsveitin Garðar og áhafnir þessara tveggja báta unnu þrekvirki við björgun á áhöfn Hvassafells við gríðarlega erfiðar aðstæður. Það skipti öllu máli að hafa tvo öfluga skipstjóra í brúnni á Jóni Sör og Svaninum sem komu björgunarsveitarmönnum á áfangastað þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður og tóku auk þess virkan þátt í björgunaraðgerðunum. Þennan dag þurfti bæði kjark og þor til að sigla yfir Skjálfandann í brjáluðu veðri, hvað þá að ná landi í Flatey við þessar aðstæður enda innsiglingin að höfninni mjög erfið vegna brims. Ingvar vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra fjölmörgu áhafnarmeðlima sem í gegnum árin hafa starfað með honum. Það er ekki síst þeim að þakka hversu vel og áfallalaus útgerðarreksturinn gekk í gegnum tíðina. Ingvar Hólmgeirsson hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt til samfélagsins í gegnum tíðina. Það verður seint full þakkað.

Við látum hér fylgja með mynd frá heiðrun Ingvars Hólmgeirssonar sem fram fór í Garðabæ þar sem hann kom því ekki við að koma til Húsavíkur á Sjómannadaginn. Með honum á myndinni eru vinir og vandamenn sem heiðruðu þennan merka sjómann með nærveru sinni. Þau eru auk Ingvars, Þorsteinn Ingi Sigfússon, Særún Sigurgeirsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Daníel Gunnarsson og Halldóra Hermannsdóttir. Formaður Framsýnar var á staðnum og heiðraði Ingvar.

Fréttir af aðalfundi Framsýnar

Aðalfundur Framsýnar var haldinn í byrjun júní. Fundurinn fór mjög vel fram og voru fundarmenn ánægðir með starfsemi félagsins og rekstur sem skilar félagsmönnum góðri þjónustu og almennt hærri styrkjum úr sjúkrasjóði og starfsmenntasjóðum en almennt gerist meðal sambærilegra stéttarfélaga. Þá eru margir góðir orlofskostir í boði sem og flug milli Húsavíkur og Reykjavíkur á mjög góðum kjörum.

Um 72 milljónir greiddar í atvinnuleysisbætur

Atvinnumál voru til umræðu á aðalfundi Framsýnar. Þar kom m.a. fram að atvinnuástandið á félagssvæðinu hefur verið með miklum ágætum og því hefur lítið verið um atvinnuleysi. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun fengu 109 félagsmenn Framsýnar greiddar atvinnuleysisbætur á árinu 2016 samtals kr. 66.648.792,-. Með mótframlagi kr. 5.331.903,- námu heildargreiðslur alls kr. 71.980.695,-. Sambærilegar tölur fyrir árið 2015 eru eftirfarandi. Alls fengu 157 félagsmenn Framsýnar greiddar atvinnuleysisbætur á árinu 2015 samtals kr. 102.582.480,-. Með mótframlagi kr. 8.206.598,- námu heildargreiðslur alls kr. 110.789.078,-. Þessar tölur staðfesta mjög gott atvinnuástand á félagssvæði Framsýnar.

Veruleg hækkun til félagsmanna milli ára

Á árinu 2016 voru 900 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði Framsýnar og 151 styrkir vegna sjúkradagpeninga og fæðingarstyrkja. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 46.030.635,- til félagsmanna Framsýnar. Sama upphæð fyrir árið á undan var kr. 37.246.877,-. Samkvæmt þessari niðurstöðu er veruleg hækkun milli ára á styrkjum úr sjúkrasjóði til félagsmanna eða um 23,5%.

Aldrei fleiri greitt félagsgjald til Framsýnar

Alls greiddu 2.920 félagsmenn til Framsýnar á árinu 2016 en greiðandi félagar voru 2.455 árið 2015. Greiðandi félagsmönnum fjölgaði verulega milli ára. Af þeim sem greiddu til félagsins voru 1.607 karlar og 1.313 konur sem skiptast þannig, konur eru 45% og karlar 55%. Hér er um að ræða athyglisverðar breytingar, fram að þessu hefur skiptingin milli kynjanna verið mjög jöfn s.br. árið 2015. Þá var skiptingin, konur 49,6% og karlar 50,4%. Skýringin liggur fyrir, breytingarnar eru tilkomnar vegna verklegra framkvæmda á svæðinu og því hefur karlastörfum fjölgað umtalsvert umfram hefðbundin kvennastörf. Samkvæmt samþykkt stofnfundar félagsins frá 1. maí 2008 er ekki lengur miðað við sérstakt lágmarksgjald svo menn teljist fullgildir félagsmenn heldur teljast þeir félagsmenn sem greiða til félagsins á hverjum tíma og ganga formlega í félagið. Um síðustu áramót voru gjaldfrjálsir félagsmenn samtals 292, það eru aldraðir og öryrkjar sem ekki eru á vinnumarkaði. Á hverjum tíma falla um 10% félagsmanna undir þessa skilgreiningu. Félagsmenn þann 31. desember 2016 voru samtals 3.212, það er greiðandi félagar og gjaldfrjálsir. Þá má geta þess að 469 launagreiðendur greiddu til Framsýnar á síðasta ári og fjölgaði þeim um 38 á milli ára. Árið 2015 greiddu 431 launagreiðendur til félagsins.

Félagsmenn spöruðu mikla peninga

Félagsmönnum stendur til boða að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin, gistimiða á hótel og ódýr flugfargjöld. Ljóst er að félagsmenn spara sér töluverða peninga með því að hafa aðgang að þessum möguleikum í gegnum stéttarfélögin eins og fréttin ber með sér. Hér má má sjá upplýsingar sem sýna sparnaðinn m.v. meðalverð á gistimiðum, miðum í göng og flugmiðum.

Seldir flugmiðar 4.165	*Sparnaður fyrir félagsmenn*	*kr. 44.982.000,-*
Seldir miðar í göng 2.738	*Sparnaður fyrir félagsmenn*	*kr. 958.300,-*
Seldir gistimiðar 730	*Sparnaður fyrir félagsmenn*	*kr. 1.606.000,-*
Samtals sparnaður fyrir félagsmenn		kr. 47.546.300,-

Aðhald í rekstri til góða fyrir félagsmenn

Afkoma Framsýnar var mjög góð á árinu 2016. Rekstrarafgangur var á öllum sjóðum félagsins. Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 27,4% milli rekstrarára. Rekstrarútgjöld félagsins hækkuðu einnig milli ára. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 217.937.179,- sem er aukning um 24,8% milli ára. Rekstrargjöld námu 152.797.918,- sem er aukning um 7,1% milli ára. Þessi hækkun er ekki síst tilkomin vegna hækkunar bóta og styrkja svo og kostnaðar vegna samninga. Fjármagnstekjur námu kr. 53.820.009,-. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 184.395.753,- á móti kr. 144.730.043,- á árinu 2015. Í árslok 2016 var tekjuafgangur félagsins kr. 112.922.283,- en var kr. 84.993.286,- árið 2015. Heildareignir félagsins námu kr. 1.771.721.280,- í árslok 2016 samanborið við kr. 1.639.705.386,- í árslok 2015. Rekstur skrifstofunnar gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Framsýnar í rekstrarkostnaði nam kr. 61.207.072,-. Önnur aðildarfélög greiddu kr. 6.512.650,- til rekstrarins.

Vinsælt stéttarfélag

Hér má sjá skiptingu greiðandi félagsfólks Framsýnar á árinu 2016 eftir póstnúmerum. Ekki kemur á óvart að tæpur helmingur eða 44% kemur úr póstnúmerinu 640. Sveitirnar í Þingeyjarsýslum og minni þéttbýlisstaðir eiga samtals 34% greiðandi félaga. Alls 22% greiðandi félagar eru úr öðrum póstnúmerum, þar af 4% sem búa erlendis. Líkast til er að mestu leyti þar um að ræða tímabundið starfsfólk við meðal annars ferðaþjónustu og sauðfjárslátrun.



Meðaltekjur um 400.000

Í nýrri ársskýrslu Framsýnar fyrir árið 2016 er súlurit sem sýnir tekjur félagsfólks á árunum 2012 – 2016. Hægt er að sjá hvernig tekjur dreifast á milli mánaða á þessu árabili.

Tölurnar gefa vísbendingu um heildar meðaltekjur félagsfólks. Eins og sjá má á myndinni eru heildar meðaltekjur fólks í kringum 400.000 á mánuði. Taka skal fram að inn í þessum tölum er fólk sem vinnur hlutastörf og sömuleiðis tímabundnir starfsmenn sem eru einungis hluta árs starfandi hér á svæðinu. Ætla má því að heildar meðaltekjur þeirra sem eru í fullu starfi séu talsvert hærri en kemur fram í súluritinu eða allt að krónur 500.000,-. Ljóst er af þessu súluriti að tekjur eru að hækka. Stórt stökk er á milli áranna 2014 og 2015 og annað svipað stökk varð svo á milli 2015 og 2016. Tekjur fólks eru því greinilega að hækka sem er vitaskuld mikið gleðiefni.



Mynd 10. Meðaltal launa miðað við greidd iðgjöld 2012-2016

Rúmar 11 milljónir í námskeiðsstyrki

Framsýn er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2016 fengu 271 félagsmenn greiddar kr. 11.548.910,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Sambærileg tala fyrir árið 2015 var kr. 12.807.117,-.

Námsstyrkir árið 2016 skiptast þannig milli sjóða:

183 félagsmenn fengu greidda styrki úr Landsmennt kr. 7.513.132,-.
7 félagsmenn fengu greidda styrki úr Sjómennt kr. 336.365,-.
15 félagsmenn fengu greidda styrki úr Ríkismennt kr. 560.151,-.
35 félagsmenn fengu greidda styrki úr Fræðslusjóði verslunarfólks kr. 1.553.355,-.
38 félagsmenn fengu greidda styrki úr Sveitamennt kr. 1.525.907,-.

Lausar vikur í orlofshúsum

Nokkrar vikur eru lausar í orlofshúsum stéttarfélaganna í sumar. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna varðandi frekari upplýsingar um þau hús sem eru í boði. Þá er einnig hægt að sjá hvaða hús eru á lausu með því að fara inn á heimasíðu félaganna.

Tekið á réttindum öryrkja, eldri félagsmanna og þeirra sem fara milli stéttarfélaga

Á aðalfundi Framsýnar var samþykkt að tryggja stöðu þeirra sem ganga í félagið eftir að hafa greitt í önnur stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands. Ekki er óalgengt að starfsfólk sem fer milli landshluta og skiptir um stéttarfélag missi við það réttindi sem það hafði áður áunnið sér inn hjá viðkomandi stéttarfélagi sem það greiddi til á þeim tíma. Umræða hefur verið innan verkalýðshreyfingarinnar um að taka á þessu með því að starfsfólk færi í auknum mæli réttindi milli stéttarfélaga. Framsýn hefur nú ákveðið að ganga þetta skref endanlega með samþykkt aðalfundarins sem er töluvert réttlætismál. Félagið hafði reyndar áður sveigt reglur félagsins að þessu markmiði en nú með samþykkt aðalfundarins hefur það verið fest endanlega í sessi. Þá má geta þess að aðalfundurinn samþykkti einnig formlega að tryggja stöðu öryrkja og eftirlaunaþega sem greiddu til félagsins við orkutap eða þegar þeir fóru á eftirlaun áframhaldandi réttindi hjá félaginu.

Hér má lesa samþykktir aðalfundarins:

Réttindi þeirra sem fara milli stéttarfélaga innan ASÍ og greiða til Framsýnar

Tillaga stjórnar Framsýnar til aðalfundarins er að þeir félagsmenn sem ganga formlega í Framsýn og greiddu áður í stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands flytji að fullu með sér áunninn réttindi frá þeim félögum sem þeir áður greiddu til sem taki mið af reglugerðum sjóða og félagslögum Framsýnar á hverjum tíma. Það er eftir að viðkomandi aðilar hafa greitt í einn mánuð eða lengur til félagsins.

Réttarstaða öryrkja og eftirlaunafólks innan Framsýnar

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Framsýnar, stéttarfélags til aðalfundar varðandi réttindi öryrkja- og eftirlaunaþega sem greiddu til félagsins við starfslok. Aðalfundur Framsýnar samþykkir að öryrkjar og eftirlaunafólk sem greiddu til Framsýnar við starfslok viðhaldi sínum réttindum að fullu m.v. greitt félagsgjald samkvæmt lögum og reglugerðum félagsins á hverjum tíma og ákvæðum kjarasamninga. Þá er við það miðað að réttindi þessa hóps falli undir skuldbindingar félagsins gagnvart lögum og reglugerðum Alþýðusambands Íslands og þeirra aðildarsambanda sem Framsýn á aðild að á hverjum tíma.

Fjölþjóðlegt lið í Framsýn

Í ársskýrslu Framsýnar má sjá skemmtilega tölfræði sem athyglisvert er að velta fyrir sér. Til dæmis er kökurit yfir þjóðerni greiðandi félaga í Framsýn.

Greiðandi félagsmenn voru 2.920 árið 2016. Íslendingar voru 72% af þeim eða 2.102. Það er því rúmlega fjórðungur greiðandi félagsmanna erlendur. Þar af eru Pólverjar áberandi flestir. 14% greiðandi félaga eru pólskir eða 409 einstaklingar. Félagsmenn eru af mörgum öðrum þjóðernum en þó engin þjóð nærri jafn fjölmenn og pólverjar. Tékklenskir félagar eru 3% eða 88 sem er þriðja fjölmennasta þjóðin en Tékkar hafa verið fjölmennir í ferðaþjónustu á svæðinu undanfarin ár.



Munck Íslandi ehf. greiðir mest

Á síðasta ári greiddi LNS SAGA ehf. / Munck Íslandi ehf. mest allra fyrirtækja til Framsýnar. Fyrirtækið hefur verið áberandi við uppbygginguna á Bakka, við Laxárvirkjun og á Þeistareykjum. Þar á eftir kemur sveitarfélagið Norðurþing. Fyrirtæki og sveitarfélög/stofnanir sem komast inn á listann yfir hæstu greiðendur eru auk þessara tveggja aðila GPG. Seafood ehf., Norðlenska matarborðið ehf., Brim hf., Ríkisjóður Íslands, Hvammur heimili aldraðra, Jarðboranir hf., Norðursigling ehf. og Þingeyjarsveit.

Tímamótabreyting í lífeyrissjóðakerfinu 1. júlí 2017

Í gildandi kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og SA er kveðið á um að iðgjald til lífeyrissjóða hækki í áföngum og verði 15,5% 1. júlí 2018. Iðgjaldið hækkaði 1. júlí 2016 um 0,5% og hækkar um 1,5% 1. júlí n.k. og svo önnur 1,5% 1. júlí 2018. Í gildandi kjarasamningum er gert ráð fyrir að einstaklingar geti ráðstafað allri viðbótinni eða hluta hennar í svokallaða „tilgreinda séreign" sem verður aðskilin frá hefðbundinni séreign enda hluti af skylduiðgjaldi. Lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA eru þessa daganna að vinna að breytingum á samþykktum sínum og er gengið út frá því að regluverkið verði tilbúið 1. júlí n.k.

Einstaklingurinn velur leið

Til þess að viðbótariðgjaldið fari í tilgreinda séreign verður einstaklingurinn að gera skriflegan samning um skiptinguna þ.e. hvort allt viðbótariðgjaldið skuli renna í tilgreindu séreignina eða einungis hluti þess. Einnig þarf einstaklingurinn að ákveða fjárfestingaleið, ef hann gerir það ekki fer tilgreinda séreignin í ákveðna fjárfestingaleið. Bregðist einstaklingurinn ekki við rennur viðbótariðgjaldið í samtryggingunna og hækka réttindin í hlutfalli við það. Ef allt gengur eftir ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu 1. júlí n.k. fyrir þá einstaklinga sem þess óska að gera samning við sinn lífeyrissjóð um tilgreinda séreign. Þrátt fyrir að ekki sé gerður samningur 1. júlí er hægt að gera samning hvenær sem er og gildir hann þá frá þeim tíma sem hann er gerður.

Hver eru áhrifin?

Þegar einstaklingur tekur ákvörðun um ráðstafa viðbótariðgjaldinu í tilgreinda séreign hefur það áhrif t.d. á örorkutryggingunna. Fyrir ungan einstakling getur það haft mikil áhrif á fjárhagslega afkomu hans ef hann verður fyrir því að verða öryrki síðar á lífsleiðinni. Þeir sem eru í samtryggingunni eiga rétt á framreikningi ef þeir verða öryrkjar. Það þýðir t.d. að einstaklingur sem verður öryrki 30 ára og hefur greitt til lífeyrissjóðs í 3 ár, á rétt á því að réttindi hans séu uppreiknuð og miðuð við að hann hefði greitt til 65 ára aldurs. Ákveði þessi einstaklingur að láta allt viðbótariðgjaldið renna í tilgreinda séreign miðast örorkulífeyrinn og framreikningurinn við 12% iðgjaldið en ekki 15,5%.

Aukið valfrelsi og ábyrgð

Með tilgreindu séreigninni er verið að auka valfrelsi einstaklinganna en jafnframt verið að leggja aukna ábyrgð á þá sjálfa við val fjárfestingaleiðum og samsetningu lífeyristyggingar. Það er mikilvægt að hver og einn gefi sér góðan tíma til að meta kosti og galla við að velja tilgreinda séreign áður en ákvörðunin er tekin. Ef það vakna spurningar og eitthvað er óskýrt er rétt að hafa samband við sinn lífeyrissjóð eða stéttarfélag.

Athugið

Stöndum sameiginlega vörð um réttindi fólks

Rétt er að skora á almenning og/eða starfsmenn fyrirtækja sem verða varir við að verið sé að brjóta á réttindum eða aðbúnaði launþega á vinnustöðum að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík í síma 464-6600/8646602. Þá er hægt að senda ábendingar á netfangið framsyn@framsyn.is. Farið er með allar ábendingar sem trúnaðarmál.

Ungliðar funda í Miðfirði

Starfgreinasamband Íslands stóð fyrir fundi fyrir ungt fólk á Hótel Laugarbakka í Miðfirði dagana 29. og 30. maí. Alls mættu 18 ungliðar á aldrinum 18 til 33 ára til fundarins, en öll eru þau félagsmenn aðildarfélaga SGS. Framsýn-UNG átti tvo fulltrúa á fundinum en það voru Eva Sól Pétursdóttir og Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir. Fundurinn hófst um hádegi á mánudag og var dagskrá fundarins mjög fjölbreytt og skemmtileg. Ásbjörg Kristinsdóttir frá Landsvirkjun kom og ræddi við ungliðana um verkefnastjórnun, skipulagningu verkefna og hvernig á að velja réttu verkefnin, Stefán Pálsson fór yfir hvernig best er að haga sér á fundum og fá sínu framgengt þar, Drífa Snædal og Kristín Ýr Gunnarsdóttir töluðu um samskipti við fjölmiðla og hvernig á að koma sér á framfæri. Hópurinn ræddi líka saman um hverju ungliðum finnst að þurfi helst að berjast fyrir og voru þar kjarasamningar og húsnæðismál mest áberandi en fleira var þó rætt eins og fæðingarorlof og jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Það var ekki bara fundað heldur var farið á Selasetrið á Hvammstanga auk þess sem hópurinn borðaði saman kvöldverð á hótelinu. Þá var sett upp skemmtidagskrá um kvöldið. Fundinum lauk svo uppúr hádegi á þriðjudag með því að hópurinn fundaði með formönnum og varaformönnum aðildarfélaga SGS sem voru að hefja fund í kjölfar tveggja daga fundar ungliðana. Umræðuefnið voru málefni sem snerta unga fólkið mest. Að sögn Sigurbjargar og Evu voru þær mjög sáttar með fundinn og vildu nota tækifærið og þakka Starfsgreinasambandinu fyrir fundinn.

Málþing um vinnumarkaðinn

Stéttarfélögin stóðu nýlega fyrir málþingi um stöðuna á vinnumarkaði í Þingeyjarsýslum. Þingið var haldið í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík. Tæplega 40 manns sóttu fundinn sem tókst með miklum ágætum.Nokkur erindi voru flutt á fundinum. Í framhaldi af þeim voru pallborðsumræður. Aðalsteinn Árni Baldursson setti fundinn. Flytjendur erinda voru Aðalsteinn J. Halldórsson frá stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslu, Einar Erlingsson frá Landsvirkjun, Unnsteinn Ingason frá Narfastöðum, Guðrún Tryggvadóttir frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga og Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings. Í pallborði tóku þátt Aðalsteinn Á. Baldursson, Kristján Þór Magnússon, Guðrún Tryggvadóttir, Unnsteinn Ingason og Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ. Fundarstjóri var Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Viðbrögð gesta hafa verið góð eftir og sumir hafa haft á orði að ýmislegt hafi komið sér á óvart í máli þeirra sem töluðu á fundinum og pallborðinu þar á eftir.

„Attention"

If you have any questions about your rights on the Icelandic labour market or your position as a member of the labour union, please contact us. Also, if you have suspicions rules are beeing broken or rights not beeing fulfilled, please do the same. Complete confidentiality is promised. The email is framsyn@framsyn.is and the phone number is 4646600-8646602".

Alþjóðaviðskiptasamningar til umræðu

Framsýn stóð fyrir opnum fundi í fundarsal félagsins um miðjan apríl um alþjóðlega viðskiptasamninga og þá sérstaklega hvaða þýðingu þeir hefðu fyrir Ísland og íslenskt launafólk. Á fundinum flutti Ögmundur Jónasson, fyrrverandi alþingismaður, ráðherra og formaður BSRB, fyrirlestur um efnið en í kjölfarið urðu líflegar umræður. Ögmundur þekkir vel til þessara mála, tók virkan þátt í átökum um þjónustutilskipun Evrópusambandsins sem síðar tók gildi á Íslandi með ákveðnum fyrirvörum þó. Ögmundur hefur einnig komið að þessum málum í gegnum stjórnmálin og flutt fjölda þingmála sem lúta að þessum málum. Fram kom í erindi hans að alþjóðlegir viðskiptasamningar snerust nú orðið um annað og meira en tolla og almenn verslunarviðskipti. Í seinni tíð teygðu slíkir samningar anga sína inn í samfélögin með kröfu um markaðsvæðingu þeirra. Ögmundur Jónasson hvatti verkalýðshreyfinguna til að fylgjast vel með gangi þessara mála og láta stjórnvöld ekki komast upp með að skuldbinda okkur inn í framtíðina með samningum sem í reynd væru nánast óafturkræfir. Að erindinu loknu urðu ágætar umræður þar sem fundarmenn spurðu nánar út í viðskiptasamningana og viðruðu eigin sjónarmið. Framsýn þakkar Ögmundi fyrir fræðandi og skemmtilegan fund. Þá er rétt að taka fram að frekar er fjallað um fundinn inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is

Nokkrir fundarmanna á spjalli fyrir fundinn.

Félagarnir hittust á ný, þegar Ögmundur var formaður BSRB var Einar Jónassn formaður Starfsmannafélags Húsavíkur og því áttu þeir gott samstarf til fjölda ára. Það urðu því fagnaðarfundir þegar þeir sáust aftur eftir 20 ára fjarveru í fundarsal stéttarfélaganna.

Sterk stéttarfélög mikilvæg samfélaginu

Á hátíðarhöldunum 1. maí færðu stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum Hvammi, heimili aldraðra gjöf. Það er meðferðarstól sem verður m.a. notaður við lyfjagjafir og umbúðaskipti auk sjónvarps er tengist öryggismálum á heimilinu. Verðmæti gjafarinnar er kr. 300.000,-. Það var Hróðný Lund yfirhjúkrunarfræðingur á heimilinu sem veitti gjöfinni móttöku. Hún notaði tækifærið og þakkaði vel fyrir gjöfina sem kæmi að góðum notum um leið og hún gerði að umræðuefni hvað það skipti miklu máli fyrir Þingeyinga að hafa öflug stéttarfélög á svæðinu. Félög sem væru tilbúin að leggja sitt að mörkum til góðra málefna eins og þessi gjöf staðfesti. Stéttarfélögin þakka Hróðnýju fyrir hlýleg orð í garð félaganna.

Nýju húsnæði fagnað

Stéttarfélögin tóku í notkun nýtt endurbætt húsnæði í byrjun maí að Garðarsbraut 26, efri hæð, sem er allt hið glæsilegasta. Við það tækifæri var því fagnað með viðeigandi hætti. Verktakar sem komið hafa að framkvæmdunum og stjórnir stéttarfélaganna gerðu sér glaðan dag enda full ástæða til þess. Verktakinn H-3 var aðalverktakinn. Arkitekt var Arnhildur Pálmadóttir. Stofnað hefur verið sameignarfélag um reksturinn, Hrunabúð sf. Til stendur að leggja út rýmin til lengri eða skemmri tíma á vegum leigufélagsins. Um er að ræða 8 skrifstofur. Eftir að Sparisjóður Vestmannaeyja eignaðist húsnæðið á sínum tíma hefur húsnæðið ekki selst, ekki síst vegna ástands eignarinnar. Þar sem viðhaldsleysið var farið að valda stéttarfélögunum vandræðum og skemmdum á neðri hæðinni sem er í eigu stéttarfélaganna var ákveðið að ráðast í kaup á húsnæðinu þrátt fyrir að það hafi ekki verið á stefnuskrá félaganna. Þannig að slæmt ástand eignarinnar og viljaleysi fjárfesta að eignast hæðina varð til þess að stéttarfélögin sáu sig tilknúin til að kaupa eignina og gera hana upp. Vegna slæms ástands fékkst eignin á góðu verði. Í stuttu ávarpi við vígsluna fór formaður Framsýnar nokkrum orðum um framkvæmdina og tilurð þess að stéttarfélögin eignuðust eignina og réðust í breytingarnar.

Nýja húsnæði stéttarfélaganna er allt hið glæsilegasta.

Öflugt vinnustaðaeftirlit

Á Bakka starfar fólk víða að um þessar mundir. Hér má sjá Amit Kumar, öryggisstjóra SMS-group á Bakka ásamt Aðalsteini J. Halldórssyni, eftirlitsmanni stéttarfélaganna. Amit býr á Indlandi og er sennilega sá starfsmaður á Bakka sem kemur lengst að. Amit mun starfa á Bakka þangað til framkvæmdum við verksmiðjuna lýkur.

Áríðandi fundur um breytingar á framlögum í lífeyrissjóði

Stéttarfélögin standa fyrir opnum kynningarfundi um ráðstöfun viðbótarframlags í lífeyrissjóð frá 1. júlí 2017. Fundurinn verður haldinn 28. júní klukkan 17:00 til 18:00.

Fundurinn verður haldinn í fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 og er öllum opin, það er atvinnurekendum og launþegum.

Framsýn, Þingiðn.

Innflutningur á ferskum matvælum til umræðu

Framsýn stóð fyrir opnum fundi á Fosshótel Húsavík í apríl þar sem fjallað var um hættuna sem stafar af innflutningi á ferskum matvælum til landsins. Erindi fluttu tveir helstu sérfræðingar landsins á þessu sviði, þeir Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og veirufræðingur á Tilraunastöð Háskóla Íslands í veirufræði á Keldum og Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans. Eftir að formaður Framsýnar hafði boðið gesti velkomna og farið orðum um mikilvægi þessarar umræðu afhenti hann Ögmundi Jónassyni fundarstjórn en Ögmundur hefur haft forgöngu um að taka þessi mál upp. Ögmundur fór lofsamlegum orðum um Framsýn og sagði að í sínum huga sýndi félagið mikla framasýni með því að vilja lyfta þessu málefni. Sagði hann að margoft hefði hann fundið fyrir áhuga félagsins á málefnum sem tengdust matvælaframleiðslu og lýðheilsu. Færi vel á því að verkalýðshreyfingin gengi fram fyrir skjöldu með þessum hætti. Sagði Ögmundur að eftir að Framsýn tók að auglýsa fundinn hefðu sér borist fyrirspurnir annars staðar frá um að fá þessa fyrirlestra og umræðu þangað. Á sunnudeginum væri fyrirhugaður fundar á Akureyri og þegar farið að huga að fundum á Suðurlandi. Þetta væri hins vegar ekki í fyrsta skipti sem Þingeyingar sýndu frumkvæði þegar þjóðþrifamál væru annars vegar!

Erindi Vilhjálms fjallaði um smitsjúkdómastöðu íslensks búfjár og mögulegar smitleiðir nýrra smitefna til landsins. Í erindinu kom fram hve smitsjúkdómastaða íslenskra búfjárstofna er um margt óvenjuleg þegar hún er borin saman við það sem þekkist erlendis. Þannig eru mörg þeirra smitefna fátíð eða óþekkt í búfé hérlendis sem valda algengustu og alvarlegustu matarsýkingum í mönnum. Einkum á þetta við um hross, nautgripi, sauðfé og geitur. Þessi sérstaða Íslands veldur því að mikill fjöldi þekktra og óþekktra smitefna getur valdið faröldrum í búfé hérlendis. Jafnframt eru mikil verðmæti fólgin í núverandi smitsjúkdómastöðu Íslands bæði með tilliti til affalla og afurðatjóns auk dýraverndar og verndar íslensku landnámskynjanna. Í góðri smitsjúkdómastöðu íslensku búfjárstofnanna eru og mikil verðmæti fólgin fyrir lýðheilsu. Vilhjálmur gerði grein fyrir hverjar væru helstu smitleiðir nýrra smitefna hingað til lands s.s. með lifandi dýrum, mönnum, fóðri og matvælum. Í erindinu var sérstaklega fjallað um þá hættu sem fylgt getur innflutningi hrárra dýraafurða og hverjar gætu verið smitleiðir úr matvælum í dýr. Jafnframt var gerð grein fyrir þeim innflutningskröfum sem íslensk stjórnvöld gera við innflutning á hráum dýraafurðum sem geta borið smit. Nefnd voru dæmi fyrir einstök smitefni hverju núverandi innflutningskröfur skila til að draga úr áhættu. Jafnframt kom fram í erindi Vilhjálms að ef slakað yrði á núgildandi heilbrigðiskröfum megi ætla að tíðni matarsýkinga í mönnum hérlendis myndi aukist. Jafnframt væri líklegt að smitburður í dýr af óæskilegum sjúkdómsvöldum myndi eiga sér stað fyrr en síðar, hvort sem það yrði með vörunum sjálfum eða með þeim sem neyta þeirra. Afleiðingar þessara sýkinga og kostnaður samfélagsins myndi ráðast af smitefnunum sem bærust en gæti í verstu tilfellum orðið mikill og afleiðingarnar alvarlegar og óafturkræfar. Athygli vakti þegar Vilhjálmur greindi frá því að nýlegar rannsóknir á Keldum á innfluttum ostum hefðu sýnt að þeir væru fullir af mæði-visnuveiru, sömu veiru og varð þess valdandi að 750 þúsund fjár féll eða var fellt vegna mæðiveikiveirunnar sem barst hingað til lands á fjórða áratug síðustu aldar með innflutningi á lifandi fé. Enda þótt veiran í innfluttu ostunum sem nú væru í búðarhillum okkar væru dauðar og því meinlausar minnti þetta á hve nærri við værum þessum veruleika. Ostarnir væru unnir úr afurðum dýra sem bæru þessa veiru.

Í máli Karls G. Kristinssonar kom meðal annars fram að sýkingarhætta af völdum sýkla sem geta sýkt bæði menn og dýr (súnur) er meiri erlendis en á Íslandi og á sama hátt er meiri áhætta af því að sýkjast af slíkum sýklum við neyslu innfluttra matvæla en innlendra. Þetta á sérstaklega við um kampýlóbaktersýkingar sem eru mun sjaldgæfari á Íslandi en annars staðar. Það er vegna meira eftirlits og strangara regluumhverfis á Íslandi. Það byggir á því að kampýlobaktermengaðar kjúklingaafurðir fara ekki á markað ófrystar eða óhitameðhöndlaðar. Verði innflutningur gefinn frjáls má búast við stórauknum innflutningi á ódýrari kjúklingum sem eru mengaðri af kampýlóbakter. Einnig má búast við því að innflutningur á ferskri kjötvöru auki nýgengi Salmonellasýkinga og sýkinga af völdum E. coli baktería sem geta valdið blóðugum niðurgangi og jafnvel nýrnabilun. Það sem veldur þó hvað mestum áhyggjum er hættan á að með innflutningi á matvælum berist bakteríur sem eru nær al-ónæmar fyrir sýklalyfjum. Þótt við vitum ekki hversu mikil sú áhætta er, þá er ljóst að slíkar bakteríur geta borist með matvælum. Nær alónæmar bakteríur eru ekki landlægar á Íslandi og hafa hvorki fundist í íslenskum húsdýrum né íslenskum matvælum. Slíkar bakteríur eru hins vegar algengar í suður Evrópu, Asíu og víðar. Aukinn innflutningur matvæla eykur því áhættuna á því að slíkar bakteríur berist til landsins og verði hér landlægar. Því er mikilvægt að þekkja þá áhættu og bregðast við henni með auknu eftirliti og um leið sporna við óheftum innflutningi. Með því getum við vonandi lengt þann frest sem við höfum þangað til ný sýklalyf koma til sögunnar.

Eftir erindin hófust umræður og kvöddu margir sér hljóðs. Ari Teitson, fyrrum formaður Bændasamtakanna vildi að fyrirlesarar væru gerðir út til Brüssel til uppfræða þá sem væru vankunnandi um þessi efni en hefðu engu að síður vald til ákvarðana. Var að þessu gerður góður en gamansamur rómur. Fjölmargir notuðu tækifærið til þess að þakka fyrir þessa umræðu sem allir voru sammála um að væri lífsnauðsynleg og hefði fundurinn tvímælalaust verið afar gagnlegur. Meðfylgjandi þessari frétt eru myndir frá fundinum:

Alvara og gleði við völd

Mjög góð þátttaka var í hátíðarhöldunum sem Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélag Húsavíkur stóðu fyrir í Íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí en um 600 manns tóku þátt í hátíðarhöldunum og komu gestirnir víða að úr hérðinu. Þá voru gestir frá Akureyri einnig áberandi á samkomunni enda ekki dónalegt að renna til Húsavíkur á eina glæsilegustu samkomu landsins þennan dag. Hátíðin á Húsavík var tileinkuð baráttu eftirlaunafólks og öryrkja fyrir bættum kjörum og réttlæti. Aðalsteinn Árni Baldursson flutti ávarp dagsins og Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar flutti kröftuga hátíðarræðu. Boðið var upp á einstaklega áhugaverð skemmtiatriði. Ari Eldjárn skemmtikraftur fór á kostum og þá voru söngatriði sem Söngfélagið Sálubót, Hjalta Jóns, Lára Sóley, Guðrún Gunnars og Sigga Beinteins sáu um. Steini Hall spilaði alþjóðasöng verkalýðsins í upphafi samkomunnar. Miðað við viðbrögð fundarmanna þá er gríðarlega mikil ánægja með hátíðina og fyrir það ber að þakka. Hér má sjá myndir frá samkomunni.

SIGRAÐU ÞIG
REYKJAVÍKUR MARAÞON 34 ÁRA ÍSLANDSBANKA
adidas
21303
marathon.is
marathon.is